

1995

## Drög að fundarsköpum Kvennalistans.

### 1. grein.

Fundarsköp þessi gilda fyrir landsfundi og samráðsfundi.

### 2. grein.

a) Landsfundur skal haldinn skv. lögum fyrir 15. nóv. ár hvert. Á landsfundi skal taka allar mikilvægar ákvárdanir um stefnu og markmið Kvennalistans sem skilgeind eru í 2. gr. laga Samtaka um kvennalista. Þar skal einnig kjósa 2 endurskoðendur.

Endurskoðaðir reikningar Kvennalistans skulu lagðir fyrir og afgreiddir á landsfundi og fjárhagsáætlun næsta árs. Þar skal einnig rætt um fjármál Veru og reikningar blaðsins lagðir fram.

b) Samráðsfundir skulu haldnir a.m.k. tvisvar á ári og oftar ef einhver angí óskar þess og framkvæmdaráð samþykkir. Framkvæmdaráð undirbýr fundi samráðs. Samráð ákveður dagskrá landsfundar ásamt landsfundarnefnd sem undir býr landsfund.

### 3. grein.

Landsfundir skulu haldnir til skiptis í öngunum, eftir því sem mögulegt er.

Samráðsfundir skulu haldnir í Reykjavík.

### 4. grein.

a) Nú hefur þankabanki unnið að ákveðnu málefni og vill leggja það fyrir landsfund. Skal það gert með því að kynna niðurstöðu hópsins á Samráðsfundi. Ef Samráð ákveður, skal málíð lagt fyrir næsta landsfund sem endalega afgreiðir það. Þess skal gætt að fulltrúi úr þankabanka fylgi málínu eftir á landsfundi. Hver fulltrúi á landsfundi hefur rétt til að leggja fram mál en ekki er skyld að taka það til afgreiðslu nema það hefi áður verið rætt á fundi Samráðs.

b) Samráð getur ákveðið að vísa drögum að stefnuskrá Kvennalistans til landsfundar, á síðasta landsfundi fyrir kosningar. Hafi ákveðnir kaflar verið samþykkir án breytingatillagna í öllum öngum, verður þeim sleppt í umfjöllun landsfundar. Framsögu um hvern kafla hafi fulltrúuar úr vinnuhópnum um málid, sömuleiðis skuli þeir leiða starfið í vinnuhóp á landsfundi.

### 5. grein.

Á landsfundi skal kjósa 3 fundarstjóra og 4 ritara. Allir fundir Kvennalistans eru opnir kvennalistakonum.

### 6. grein.

Fundarstjórar hafa úrskurðarvald um hvort beita skuli atkvæðagreiðslu um tiltekin mál.

Ávallt skal leitast við að ná fram sameiginlegri niðurstöðu án atkvæðagreiðslu. Ef atkvæðagreiðsla fer fram skal þess gætt að jafnvægi sé milli anga í sömu hlutföllum og í samráði. F.e. hver angí hefur 2 atkvæði. Þingkonur og varapíngkonur hafa einnig atkvæðisrétt. Fari atkvæðagreiðsla fram á landsfundi skulu fulltrúuar hvers anga koma sér saman um hverjir greiði atkvæði fyrir þeirra hönd. Skal gera fundar hlé svo að angar geti náð sameiginlegri niðurstöðu. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

**7. grein.**

Hver kennalistakona hefur leyfi til að koma með beytingar eða viðaukatillögur.  
Breytingar- tillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda fundarstjóra skriflega, eða semja þær í samvinnu við hann. Máli má vísa frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði.

**8. grein.**

a) Enginn fundarmaður má taka oftar til málss en prisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, nema flutningsmenn eða framsögumenn málss sem hafa rétt til að taka oftar til málss.

b) Fundarstjóri getur með samþykki fundarins ákveðið að takmarka umræðu um mál bæði heildartíma umræðunnar t.d. við 1 klst, og/eða tíma hvers ræðumanns t.d. við 2 mín.

Fundarstjóri ber þó að sjá til þess að mál afgreiðist þrátt fyrir þetta. Fundarstjóri kemur þá með tillögu að lausn, ef umræðan leiðir hana ekki af sér. Ekki er rétt að takmarka umræðu í mikilvægum málum eða miklum deilumálum.

**9. grein.**

Fundarskópum þessum má breyta ef það er samþykkt án atkvæðageiðslu af fulltrúum á landsfundi eða með atkvæðagreiðslu samkvæmt þessum reglum.

**Almenn greinagerð:**

Á landsfundi Kennalistans að Varmalandi 1994, varð ágreiningur um stjórn fundarstjóra, sem þótti keyra málín of mikið í atkvæðagreiðslur. Þar var verið að ræða og samþykka að hluta stefnuskrá samtakanna fyrir komandi Alþingiskosningar. Einnig kom fram óánægja með hópastarfíð þar sem þar voru oft aðrar konur að stjórnna hópunum en þær sem málefnavinna hafði hvílt á. Dæmi voru um að í hópunum var engin sem unnið hafði í viðkomandi málaflokki fyrir landsfund og gæti skýrt ýmis atriði. Í lok fundarins hafði Jóna Valgerður Kristjánsdóttir athugasemdir við þessi atriði í ræðustjól og taldi þörf á að Kennalistnn setti sér fundarskóp sem fundarstjórar gætu sarsað eftir á landsfundi, og bauðst hún jafnframt til að taka að sér að semja fundarskóp ásamt Kristínú Sigurðardóttur. Engin kona mótmælti, en margar töku undir þetta. Var þá ákveðið (án atkvæðagreiðslu, en mótmælalaust) að tillögur að fundarskópum yrðu tilbúnar fyrir næsta landsfund. Við höfum haldið sex fundi, sinni í gegnum síma ásamt fjölmörgum faxsendingum og einn í Reykjavík 22. október. Tillögur okkar voru lagðar fram á Samráðsfundi í lok ágúst og hlutu misjafnar undirtektir. Athugasemdir voru aðallega við 6. greinina. Ákveðið var að fulltrúar á Samráðsfundi færð með drögin að fundarskópunum heim í angana og sendu athugasemdir fyrir 20. september. Engar athugasemdir hafa borist frá öngunum, en framkvæmdaráð hesur óskað estir því að við endurskoðuðum 6. greinina. Það höfum við nú gert. Niðurstaðan var að hafa hana óbreytta til að kynna rökin fyrir landsfundarkonum við sýnum þó aðra möguleika. En að sjálfsögðu geta landsfundarkonur ákveðið að hafna tillögunum, öllum eða að hluta og haft þar með óbreytt ástandi við afgreiðslu mála.

**Greinagerð:**

Á landsfundi og samráðsfundum Kennalistans eru venjulega tekin fyrir fjöldi mála og oftar en ekki eru þau mjög viðamikil. Umræður hafa því oft dregist á langinn og oft

hefur það farið svo að afgreiðsla mála hefur ekki lokið á landsfundinum. Í framhaldi slíkra vandamála hafa konur verið að ræða sín á milli að eitthvað þurfí að gera til þess að draga úr slíkum vandamálum. Af þessum ástæðum er nú gerð tilraun til þess að gera okkur fundarsköp sem þó beri svip af þeim venjum og vinnubrögðum sem oriðið hafa til innan Kvennalistans.

**1- 3 gr. skýra sig sjálfar.**

**4. grein**

a) Fjallar um það hvernig vinna þankabanka eða málefnahópa getur skilað sér til landsfundar þ.e. að Samráð þarf að samþykkja og meta hvort málid og niðurstaða þess eigi erindi fyrir landsfund. Þannig geta svo fulltrúar í samráði einnig kynnt málid heima í anga sínum, svo að auðveldara verður að taka afstöðu á landsfundi. Á síðasta landsfundi varð verulegur misbrestur á því að tryggja að fulltrúar úr þankabankanum eða málefnahópnum væru í vinnuhópnum, þar sem valið var í hópana af handahófi.

Þessi grein gerir ráð fyrir að slíkum vinnubrögðum verði hætt.

Síðan er tekið fram að hver fulltrúi á landsfundi hafi rétt á að leggja fram mál á landsfudi en ekki ábyrgst að slík mál verði afgeidd.

b) Fjallar um hvernig afgreiða skuli stefnuskrána. Verði henni að hluta eða öllu leiti vísað til Landsfundar.

**5. grein**

Skýrir sig sjálf.

**6. grein.**

Fjallar um það hvernig haga skuli atkvæðagreiðslum á tilgreindum fundum Kvennalistans. Verulegar hindranir eru settar, með vilja er það gert fremur óaðlaðandi að fara í atkvæðagreiðslur. Kvennalistinn hefur lengst af ráðið fram úr flestum sínum málum án þess að greiða atkvæði. Við viljum gjarnað halda áfram á þeirri braut og haga reglum því þannig að þær dragi úr því að gripið verði til atkvæðagreiðslna.

Atkvæðagreiðslur eru gerðar flóknar og takmarkandi. Verið er að draga úr þeim möguleika að í miklum deilumálum geti stærstu angar eða með smölnun valtrað yfir minni hluta á fundinum ef ágreiningur liggur eftir landshlutatalínum. Ef ágreiningur er innan angana þá verður að gera þau mál upp fyrst. Atkvæðahlutsföll verða hin sömu og í Samráði. Angi án þingkonu getur svarað: já, nei og hlutlaus( já + nei eða 2 x hlutlaus). Angar með þingkonu geta svarað á flóknari hátt.

Afbrigði I. Sérstök atkvæði þingkvenna og varaþingkvenna eru frá þeim tekin sem þeirra einka atkvæði og: La. Færð anga þeirra og meðhöndluð sem atkvæði angans. (Þannig fær angi með eina þingkonu fjögur atkvæði til ráðstófunar). Ib. Felld alveg niður. Allir angar hafa þá aðeins tvö atkvæði.

Afbrigði II. Sérstaða okkar er alveg strokuð út og opnað hömulaust fyrir auðveldar atkvæðagreiðslur. Þá er felld út málsgreinin sem hefst svo: "Ef atkvæðagreiðsla fer fram ...." til "... svo að angar geti náð sameiginlegri niðurstöðu." Næsta setning byrjar þá á: "Meirihluti greiddra atkvæða ..."

**7. grein skýrir sig sjálf.**

**8. grein.**

Fjallar um takmörkun á ræðutíma, en oft hefur það orðið áberandi á landsfundum að sômu konurnar halda orðinu lengi og taka oft til málს. Hér er gerð tilraun til að takmarka það hve oft hægt er að taka til málს. Einnig er hér gefin heimild til fundarstjóra til þess að takmarka umræður í tíma, bæði heildartíma umræðu og ræðutíma Við teljum að þetta geti gert vinnu á landsfundi markvissari. Samt er varað við notkun þessara takmarkana þegar þau eiga ekki við og eins minnt á að ljúka þurfi málum.

**9. grein skýrir sig sjálf.**

Tillaga frá Austurlandsanga:

Útskiptareglunni verði breytt þannig að þingkonur  
Kvennalistans geti setið 3 kjörtímabil.

Greinargerð:

Þótt fundarkonur væru ekki efnislega sammála tillögunni voru þær sammála um að leggja hana fram til að fá fram umræðu um útskiptaregluna.

Tillaga um fjölgun í Framkvæmdaráði  
lögð fram á landsfundi Kvennalistans 1995.

Sveitarstjórnaráð Kvennalistans fái fast sæti í Framkvæmdaráði.

Í framhaldi af því yrði nauðsynlegt að bæta inn einum lið í I. kafla starfsreglna Samtakanna, þ.e. 4. grein hljómi svo: „Fulltrúi sveitarstjórnaráðs Kvennalistans situr framkvæmdaráðsfundi.“ Til samræmis myndu númer greinanna sem á eftir koma hækka um eitt.

Samkvæmt starfsreglum Kvennalistans á að vera til Sveitarstjórnaráð skipað öllum Kvennalistakonum sem sitja í sveitarstjórnnum. Þar sem ég veit ekki til þess að slíkt ráð sé starfandi legg ég til að einn af borgarfulltrúum Kvennalistans í Reykjavík fái fast sæti í framkvæmdaráðinu, enda þykir mér eðlilegt að þær komi meira inn í daglegan rekstur Kvennalistans þar sem þær eru í meirihluta í borgarstjórn.

Áslaug Thorlacius